

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2022, flutt á aðalfundi 28. febrúar 2023

<https://doi.org/10.33799/jokull2023.73.125o>

Liðið er sjötugasta og annað starfsár Jökларannsóknafélags Íslands. Segja má að undanfarið ár hafið verið það fyrsta um nokkurt skeið það sem takmarkanir vegna Covid-19 hafi ekki haft mikil áhrif á almennt starf félagsins.

Aðalfundur félagsins var haldinn 28. febrúar 2023 með hefðbundnu sniði í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Eins og sögulegar hefðir kveða á um var Tómas Jóhannesson fundarstjóri og Finnur Pálsson fundarritari. Þær breytingar urðu í stjórn að Magnús Tumi Guðmundsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs sem formaður JÖRFÍ en Magnús var kosin formaður félagsins árið 1998 en tók þá við af Helga Björnssyni. Það gefur að Magnús var formaður félagsins í 24 ár, sem er ein lengsta samfellda seta formanns frá stofnun. Jón Eyþórsson átti fyrra met, eða 18 ár. Vert er að þakka Magnúsi Tuma sérstaklega fyrir að fara fyrir félaginu allan þennan tíma og gera það svo mikill sómi sé að.

Stjórn JÖRFÍ fyrir starfsárið 2022

Andri Gunnarsson, formaður,
Hrafnhildur Hannesdóttir, varaformaður,
Sjöfn Sigsteinsdóttir, gjaldkeri,
Guðfinna Aðalgeirsdóttir, ritari,
Sigurður Vignisson, meðstjórnandi

Varastjórn:

Hlynur Axelsson, Kristín Jónsdóttir, Eyjólfur Magnússon og Þóra Karlsdóttir.

Nefndir Jörfí störfuðu samkvæmt hefðbundnu sniði á starfsárinu. Litlar breytingar urðu á rannsóknarnefnd en formaður var Andri Gunnarsson og lítillaga var tekið til í óvirkum meðlimum nefndarinnar. Breytingar urðu á formanni skálanefndar en Sverrir Hilmarsson gaf ekki kost á sér áfram en Eiríkur Örn Jó-

hannesson tók við fómennsku í skálanefnd á vormánudum. Vert er að þakka Sverri sérstaklega fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins gegnum árin. Eiríkur Kolbeinsson sem hefur haldið utan um bókanir í skála félagsins undanfarin ár steig til hliðar um síðustu áramót en utanumhald bókana er nú á forræði formanns skálanefndar meðan verkefninu er fundinn framtíðarfarvegur. Einnig er vert að þakka Eiríki Kolbeinssyni fyrir vel unnin störf gegnum tíðina.

Formaður bílanefndar var áfram Sigurður Vignisson.

Eins og undanfarin ár var Bryndís Brandsdóttir aðalritstjóri, hönnuður, prófarkalesari og uppsetningarstjóri Jökuls, en auk hennar voru ritstjórar Jökларannsóknafélagsins Þorsteinn Þorsteinsson, Gréta Björk Kristjánsdóttir og Snævarr Guðmundsson. Ritnefnd Jökuls er þeim til aðstoðar, einnig hópur sjálfboðaliða við ritryni og prófarkalestur.

Í valnefnd sátu Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Oddur Sigurðsson. Umsjón með félagatali var á höndum Jóhönnu Katrínar Þórhallsdóttur og umsjón með geymslu í Mörkinni hafði Alexander Ingimarsson. Alexander hefur óskað eftir því að stíga til hliðar sem umsjónarmaður með Mörkinni en honum eru þökkud góð störf.

Fjöldi félagsfólks starfaði í hinum ýmsu nefndum og hópum við undirbúning á verkefnum félagsins, m.a. undirbúningi funda, árshátíðar og ýmissa ferða á vegum félagsins. Öllu þessu fólki sem lagði hönd á plóg er þakkað fyrir sitt framlag.

Heiðursfélagar eru 19, almennir félagar 448, fjölskyldufélagar 19, námsfólk 53, fyrirtæki og stofnanir 31. Erlendir áskrifendur Jökuls eru nokkrir en þeim fer fækkandi. Milli ára eykst félagafjöldinn um 26 einstaklinga og alls voru því 570 félagar í Jökларannsóknafélaginu við áramót 2022.

Fundir og fræðsla

Starfsárið hófst af krafti en miðvikudaginn 19. janúar var fyrsta fjar-fræðsluerindi JÖRFÍ haldið. Eyjólfur Magnússon sagði frá nýlegu Grímsvatnahlaupi sem varð í lok árs 2021 og Kristín Jónsdóttir ásamt Sölva Þrastarsyni sögðu frá óhefðbundnum jarðskjálftamælingum með ljósleiðara á Grímsfjalli. Í upphafi fundarins var nýr vefur tímaritsins Jökuls formlega opnaður og virkni hans stuttlega kynnt.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum í febrúar var heimildamyndin „Hinn stóri samhljómur sandsins“ sýnd. Myndin lýsir hinni stórbrotnu náttúru Breiðamerkursands. Gunnlaugur Þór Pálsson er leikstjóri en hann er einnig höfundur myndarinnar ásamt Þorvarði Árnasyni.

Sunnudaginn 20. mars var ný Jöklavefsjá (is-lenskirjoklar.is) opnuð í stjörnuverinu í Perlunni. Helgi Björnsson og Oddur Sigurðsson jöklafræðingar fengu heiðurinn af því að formlega opna Jöklavefsjána en auk þeirra fóru sérfræðingar Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnunar Háskólans og Landsvirkjunar yfir gagnasöfn vefsjárinnar og helstu virkni hennar. Að kynningunum loknum bauð Hilmar Malmquist forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands gestum á sýningu safnsins, Vatnið í Náttúru Íslands, og Vorferð, sérsýningu um sögu Jöklafræðisafns Íslands. Að vorferð lokinni í júní var haldið björkvöld og myndasýning úr nýafstöðnum vorverkefnum félagsins á Kex Hostel í miðbæ Reykjavíkur en þar kom saman fjöldi vorferðarferðalanga og annarra félagsmanna.

Ráðstefnan Cryosphere 2022, var haldin í Hörpu dagana 21.–26. ágúst 2022 en þar komu saman vísindamenn frá flestum heimsálfum til að kynna nýjustu niðurstöður rannsókna á freðhvoli heimsins. Samhliða ráðstefnunni hélt JÖRFÍ í samstarfi við Veðurstofu Íslands tvo viðburði utan hefðbundinnar ráðstefnudagskrár til að kynna og fjalla um jökla og jöklafræðisafnir á mannamáli. Mánudagskvöldið 22. ágúst var opið fræðslukvöld á Bryggjunni brugghúsi. Þar lýstu vísindafólkið Eric Rignot, okkar eigin Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Jason Box og Michael Zemp áskorunum og raunum vísindamanna við vettvangsvinnu í umhverfi jökla og greindu gestum frá ástandi jökla á jörðinni.

Þriðjudagskvöldið 23. ágúst flutti Guðmundur Hilmar Guðmundsson jöklafræðingur við Háskólann í Newcastle á Englandi erindi í Stjörnuveri Perlunnar um Suðurskautsjökulinn, núverandi þróun hans og líklegar breytingar í framtíð. Að fyrirlestrinum loknum var gestum boðið að skoða sýningu Náttúruminjasafnsins, Vatnið í Náttúru Íslands og Vorferð, sýningu um sögu Jöklafræðisafns Íslands. Báðir þessir viðburðir voru vel sóttir og þóttu takast vel.

Haustfundur var haldinn 3. nóvember í Öskju en þar var greint frá afkomumælingum í Tindfjöllum og Eyjafjallajökli á vegum félagsins en eftir hlé var stuttmyndin „In a state of change“ sýnd. Myndin segir sögu breytinga í umhverfi jökla á Íslandi en Donal Boyd og Frank Nieuwenhuis eru höfundar myndarinnar. Myndin var einning sýnd á Reykjavík International Film Festival (RIFF) haustið 2022 auk fjölda annara stuttmyndahátíða.

Afmælisárshátíð félagsins var loksins haldin í golfklúbbi Garðabæjar og Kópavogs með pompi og prakt. Stormur ehf bauð árshátíðargestum í veglegan fordrykk og Guðmundur Jónasson sá um að flytja mannskapinn í skála golfklúbbsins. Bryndís Brandsdóttir sá um veislustjórn, Páll Einarsson, Magnús Pálsson og Reynir Jónasson ásamt Andreu Jónsdóttur sáu um tónlistina. Ánægðir gestir dónsuðu fram á nótt undir fallegum jöklafræðisafni og myndböndum.

Í nóvember var í heimsókn hér á landi Liss Andreassen, jöklafræðingur frá Noregi, en hún hélt fræðsluerindi á Bryggjunni brugghúsi um jökla í Noregi og þær breytingar sem hafa orðið á þeim undanfarna áratugi. Erindið var skreytt skemmtilegum myndum úr feltvinnu auk vísindalegs ívafs. Í framhaldi af hennar erindi var myndasýning, þar sem rjóminn af sögulegum myndum sem skannaðar hafa verið úr geymslum félagsins í Mörkinni, voru sýndar.

Ákveðið var að hvíla útgáfu fréttabréfs á starfsárinu og leggja meiri áherslu á rauntímamiðlun á starfi og viðburðum félagsins með tölvupósti og gegnum samfélagsmiðla. Heimasíða félagsins var uppfærð en hönnuður nýju síðunnar var Sigmundur Helgi Brink en hann sá einnig um hönnun og uppfærslu á heimasíðu Jökuls. Nú hefur félagið síður á Facebook, Instagram og Twitter, auk heimasíðu, þar sem reynt er að greina frá atburðum líðandi stundar auk annarrar

miðlunar úr starfi félagsins. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og verður þróað áfram á næstunni.

Gegnum árin, samhliða ýmsum verkefnum á vegum félagsins, hefur safnast saman mikill fjöldi mynda og myndbanda úr ferðum félagsins og rannsóknarleiðöngurum. Unnið hefur verið að því að gera þetta efni aðgengilegt fyrir almenning en m.a. er búið að setja tiltæk myndbönd á Youtube-rás félagsins og unnið er að því að opna myndasafn í opnu aðgengi á netinu. Þúsundir mynda hafa safnast gegnum tíðina og m.a. hefur verið unnið að því að skanna myndir og filmur úr safni félagsins í Mörkinni. Félagið fékk styrk upp á 2 milljónir króna á liðnu ári frá Umhverfisorku og loftslagsráðuneytinu til að standa straum af kostnaði við skönnun myndanna en Anna Margrét Sigurbergsdóttir hefur leitt þá vinnu auk Hrafnhildar Hannesdóttur. Til að auðvelda kortlagningu myndefnisins, þar sem stór hluti þess er ómerktur, var sett upp sérstök ljósmyndasíða á Facebook (JÖRFÍ-gamlar myndir) þar sem félagsfólk hefur getað skoðað og merkt við myndirnar. Þetta hefur gefist vel og segja má að í flestum tilfellum hefur félagsfólk geta bætt við upplýsingum þar sem þær hefur vantað. Þetta verkefni styður vel við markmið félagsins, um miðlun, fræðslu og myndasýningar.

Afmælissýning JÖRFÍ í Perlunni í tilefni af 70 ára afmæli félagsins var uppi í Dropanum, í sérsýningarrými Náttúrminjasafns Íslands, Vatnið í náttúru Íslands. Samhliða sýningunni tók félagið þátt í fjölda hliðar-viðburða þar sem meðlimir félagsins tóku á mótu fólki og kynntu félagið, m.a. á nýliðinni Safnanótt í Reykjavík. Vatnajökulsþjóðgarður hefur lýst yfir áhuga á því að taka við sýningunni og setja hana upp í miðstöð þjóðgarðsins í Skaftafelli.

Á árinu var merki félagsins uppfært í nútímalegri búning. Upprunanlega merkið, Jöklastjarnan með nafni félagsins hringinn í kringum er enn aðalmerki félagsins en gerðar voru tvær aukaútgáfur sem njóta sín betur í ákveðinni notkun, t.d. á vef- og samfélagsmiðlum. Samhliða því voru merkin unnin upp og færð í betri upplausn.

Skálanefnd sá um rekstur og umsýslu skála á árinu eins og áður hefur verið. Farið var í ferðir til viðhalds í Jökulheimum. Allra skála, sjö talsins, var vitjað á árinu og teknar myndir af ástandi þeirra. Almennt

má segja að viðhald skála sé gott en nokkur verkefni liggja fyrir, m.a. að skipta um þak á Nýja skála á Grímsfjalli, viðgerðir á Esjufjallaskála, endurbætur í Kverkfjölum og skoðað að bæta við salernishúsum við minni skála félagsins.

Félagar í Björgunarsveitinni Kyndli í Mosfellsbæ hafa leitast eftir því að taka að sér skála JÖRFÍ við Kirkjuból/Fjallkirkju og þegar hafa verið farnar tvær ferðir til að taka út skálann og leggja á ráðin með uppfærslur og viðhald. JÖRFÍ tók vel í ósk þeirra og vonandi verður þetta til þess að Fjallkirkja komist í meiri notkun á komandi árum enda er skálinn staðsettur í algerri paradís.

Eftir árangurslítið samtal við Neyðarlínuna til að móta betur framtíð rekstrar á rafstöð á Grímsfjalli fór JÖRFÍ þess á leit við Almannavarnir að þeir tækju að sér að leiða framtíðarmótun og kröfur vegna rekstrar á rafstöð á Grímsfjalli. Ekki getur talist eðlilegt að félagasamtök eins og JÖRFÍ beri hitann og þungann af slíkum rekstri þar sem stærsti hluti notkunar rafstöðvar snýr að rekstri og uppítíma á TETRA sendi til samskipta auk fjarskipta og orkunotkunar á mælitækjum sem vakta eldstöðina í Grímsvötnum. Félagið er nú sem áður búið að leggja til allt sem félagið getur til að styðja við þennan rekstur svo hægt sé að tryggja góð samskipti og rekstur mælitækja á fjallinu en ljóst er að fleiri þurfa að koma að borðinu. Með vorinu er gert ráð fyrir að betri lausn til framtíðar liggi fyrir.

Jökull 71 kom út á starfsárinu en heftið var alls 176 síður af gæðafni. Heftið var sérhefti og fjallaði um Kötlu í Mýrdalsjökli að mestu. Fjórar ritýndar vísindagreinar eru í heftinu, um 90 síður og um 80 síður af skýrslum og öðru félagsefni. Í fyrsta sinn var efnið birt á nýrri heimasíðu Jökuls, samhliða útgáfu á prentuðu eintaki. Á árinu var einnig unnið að því að slípa til og laga ýmiss atriði er varða nýju heimasíðuna, samræmingu á DOI númerum allra greina frá upphafi auk annara minni verkefna.

Þar sem rætt er um fundi og fræðslu má nefna að í ár eru liðin 50 ár frá því að hið þekkt „Jöklakaffi“ á þriðjudögum hóf göngu sína. Upphaf þess má rekja til þess að Stefán okkar Bjarnason og Gunnar Guðmundsson (GG) hófu að hittast í Vogakaffi í mars 1973. Félagsmenn hafa haldið þeim hittingum áfram gegnum áratugina. Kaffið hefur verið hýst víða, m.a.

í Húsasmiðjunni en á núna heima í Bitahöllinni á Höfða. Þangað er öllum frjálst að mæta á þriðjudögum milli 9 og 10 og fá sér kaffi og köku og ræða um heima og geyma.

Ferðir og rannsóknir

Veturinn 2022 fékk félagið afhentan veglegan styrk frá 66° Norður, að upphæð 1,6 milljón króna en fjárhæðin er afrakstur 25% af sölu í vefverslun á svokölluðum Jöklaflöstudegi sem haldinn var í nóvember 2021. Styrkurinn var nýttur til að mæla afkomu á smærri jöklum Suðurlands en í lok apríl síðastliðinn fór Jöklafrannsóknafélagið í Tindfjöll til afkomumælinga á Tindfjallajökli en einnig var farið til mælinga á Eyjafjallajökli.

Tindfjallajökull hefur verið sporðamældur í nokkur ár en afkomumælingar hafa ekki verið gerðar síðan um 1960. Finna má gögn um mælingar á vetrarsnjó á Tindfjallajökli frá 1953 og með stopulur hætti í nokkur ár þar á eftir. Í ferðinni nú voru boraðar fimm afkomuholur til að mæla vetrarsnjó og stikur skildar eftir sem lesið var af um haustið. Á Eyjafjallajökli voru boraðar tvær afkomuholur í vesturhluta jökulsins, en vegna þoku og skyggisleysis var horfið frá því að mæla afkomu á austurhluta jökulsins. Á haustmánuðum fundaði félagið með 66° Norður sem hafa áhuga á því að láta afrakstur árlegs jöklaflöstudags renna til félagsins og styðja við starfið okkar með þessum hætti.

Afkomuferð var farin á Mýrdalsjökul sunnudaginn 22. maí en tæplega 30 manna hópur tók þátt í leiðangrinum. Lagt var snemma af stað úr Reykjavík og ekið sem leið liggur að Sólheimahjáleigu og þaðan upp á jökulrönd. Eftir stutt stopp við jökulrönd til að raða fólki í tæki og bíla var haldið af stað. Verkefnið var að mæla þrjá afkomupunkta sem mældir hafa verið á annan áratug, koma upp einni veðurstöð og aka nokkrar sniðlínur með íssjá. Borun gekk hægt en vel enda eru afkomuholur að vori á Mýrdalsjökli með þeim dýpri sem boraðar eru á Íslandi. Færið var almennt frekar þungt fyrir bíla enda búið að vera hlýtt það sem af var maímánuði. Nýr bíll Jöklafrannsóknarfélagsins var í sinni fyrstu ferð á jökul og stóð sig með eindæmum vel. Hann getur flutt nú farþega þegar öll sæti eru tekin og er með stórum palli til flutninga

á tækjum og tólum. Ekki er hægt að segja annað en veðurguðirnir hafi verið með hópnum í liði en það var nánast heiðskýrt, logn og sól allan tímann.

Að venju var vorferð JÖRFÍ á Vatnajökul farin á vormánuðum. Að þessu sinni var ferðin tvískipt vegna mikils áhuga á þátttöku en einnig var töluvert um uppsafnaðar umsóknir frá áhugasömum þátttakendum frá sl. tveimur árum, en ekki var hægt að fara í hefðbundnar vorferðir 2020 og 2021 vegna COVID-19 takmarkana. Fyrri hópurinn fór af stað 25. maí og kom niður af jökli 31. maí, en seinni hópurinn var á jökli frá 31. maí til 5. júní. Í fyrri hluta voru 24 einstaklingar en í þeim seinni 28 manns þegar mest var. Eins og venja hefur verið undanfarin ár er farið um Skálafellsjökul en þar er aðgengi almennt frekar gott að vorlagi. Gerð er grein fyrir verkefnum og árangri vorferðar í sérstökum pistli í Jökli.

Á haustmánuðum var farið til vitjana á afkomupunktum á Tindfjallajökli, Eyjafjallajökli og Mýrdalsjökli og voru heimtur almennt nokkuð góður. Milt og gott haust spilaði með vitjanafólki sem þurfti að gera nokkrar tilraunir til að koma þeim gögnum í hús. Allt hafðist það að lokum að frátöldum einum punkti á Eyjafjallajökli. Sjálfboðaliðar og tæki stofnana lögðu leiðöngrunum lið en þylusveit Landhelgisgæslunnar hjálpaði einnig til við vitjanir á Eyjafjallajökli. Nánar er gerð grein fyrir íslenskum afkomumælingum í stuttri samantekt í Jökli 72 auk markverðra niðurstaða sporðamælinga eins og fyrir ár.

Farnar voru tvær vettvangsferðir á vegum félagsins inn í Jökulheima síðastliðið haust, með fulltrúum Vatnajökulsþjóðgarðs og verktafa Vegagerðarinnar, til að leita að betri aðkomuleið að rönd Tungnaárjökuls. Sá hluti leiðarinnar sem auðveldast væri að betrubæta er á flæðunum norðan Jökulheima, nánar tiltekið 1,5 km langa framlengingu á þeim slóða sem liggur inn í „Krók“. Þjóðgarðurinn mun sækja um fjármagn fyrir framkvæmdinni í Styrkvegasjóð á vormánuðum 2023.

Landsvirkjun var sem áður einn af bakhjörllum félagsins og styrkti félagið myndarlega til að standa straum af viðhaldi skála og til að tryggja rekstur rafstöðvar á Grímsfjalli auk þeirra tækja sem reiða sig á rafmagn og samskipti sem rekin eru á fjallinu. Auk Landsvirkjunar eru Veðurstofa Íslands og Jarðvísinda-

stofnun Háskólans gjarnan liðleg með að lána tæki og tól í hin ýmsu verkefni félagsins og er þeim þakkað sérstaklega fyrir það en ekki skal heldur gleyma þeim almennu félögum sem leggja til bíla og tæki í verkefni félagsins.

Á haustmánuðum hefur verið unnið að umfangsmiklu verkefni í samstarfi við James Balog ljósmyndara, Vatnajökulsþjóðgarð auk ýmissa annara aðila sem gjarnan koma að kortlagningu jökla með ljósmyndum. Verkefnið er sjálfstætt framhald af verkefni James Balog, Extreme Ice Survey og nefnist Extreme Ice Survey Iceland en JÖRFÍ er einn aðalbakhjarl verkefnisins. Nú um áramót fékkst styrkur frá erlendum aðilum til að setja verkefnið formlega af stað. Það er ljóst að þetta er veruleg viðbót við gagnasöfnun er snýr að íslenskum jöklum og mikil rós í hnappgat JÖRFÍ.

Farið hefur verið stuttlega yfir starf félagsins á liðnu starfsári. Það er von okkar í stjórn félagsins að starfið sé fjölbreytt og henti sem flestum þeim sem eru í félaginu.

Undirritaður er nú að skrifa sína fyrstu ársskýrslu eftir eitt ár í starfi sem formaður. Þessi tími hefur liðið hratt og margt ánægjulegt á dagana drifið. Í áhugamannafélagi þarf að skúra skála, tæma kamra, setja upp tímari, skrifa fréttir, taka myndir og fara út að skoða jökla og náttúru, fá fólk til að tala á fundum auk óteljandi annara verkefna. Verkefnin eru mörg en gefandi. Í félaginu okkar eru rúmlega 500 skráðir einstaklingar.

Mig langar að lokum að þakka öllum sem hafa starfað með okkur í verkefnunum ársins, bæði þeim sem talin voru upp hér að ofan en líka þeim óteljandi verkefnum sem unnin eru bakvið tjöldin og aldrei nokkur sér.

Fyrir hönd stjórnar JÖRFÍ
Andri Gunnarsson